

AUGLÝSING
um starfsreglur frá kirkjuþingi
um breyting á starfsreglum um þjálfun prestsefna nr. 788/2002.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um þjálfun
prestsefna nr. 788/2002.

1. gr.

Við 1. ml. 1. mgr. starfsreglnanna bætist:
þar sem m.a. skal skilgreina lágmarkskröfur, sbr. 2. gr. reglna þessara, sem prestsefni þarf að uppfylla til að öðlast rétt til prestsvígslu.

2. gr.

3. gr. orðast svo:
Guðfræðinemi, sem hefur hug á að þjóna sem prestur þjóðkirkjunnar skal gangast undir starfsþjálfun, er hann hefur lokið BA prófi í guðfræði (90 einingar) við guðfræðideild Háskóla Íslands og hefur skráð sig til frekara náms í guðfræði er veitir réttindi til að sækja um prestsembætti innan þjóðkirkjunnar.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 38. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2006.

Gjört í Reykjavík, 2. nóvember 2005.

Jón Helgason,
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 2. nóvember 2005.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands.